



# **Goðafoss**

## **Þingeyjarsveit**

**Stjórnunar- og verndaráætlun 2021-2030**

**Október 2021**

DRÖG

Heiti skýrslu: Goðafoss stjórnunar- og verndaráætlun

Útgáfunúmer: UST-2021:13

September, 2021

Ábyrgðamaður: Þórdís Björt Sigþórsdóttir

Útgefandi: Umhverfisstofnun

Forsíðumynd: istock

Aðrar myndir: istock

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Sími: 591 2000

Netfang: [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)

Veffang: [www.ust.is](http://www.ust.is)

# Efnisyfirlit

<b>1. INNGANGUR .....</b>	<b>7</b>
1.1. Samráð .....	8
1.2. Eignarhald og umsjón .....	8
1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi .....	8
1.4. Verndargildi og verndarflokkur .....	9
<b>2. LÝSING Á SVÆÐINU .....</b>	<b>10</b>
2.1. Mörk svæðisins.....	10
2.1.1. Tengsl við áhrifasvæði.....	10
2.1.2. Aðkomuleiðir .....	10
2.2. Náttúruminjar .....	10
2.2.1. Jarðminjar .....	10
2.2.2. Gróður og vistgerðir .....	11
2.2.3. Dýralíf .....	11
2.3. Menningarminjar .....	11
2.4. Landnotkun .....	11
2.4.1. Veiðar .....	11
2.4.2. Kvikmyndataka og ljósmyndun .....	11
2.4.3. Ferðaþjónusta og útivist.....	12
2.5. Helstu ógnir.....	12
2.6. Innviðir og mannvirki .....	12
2.6.1. Landvarsla .....	12
2.6.2. Byggingar.....	12
2.6.3. Aðgengi .....	12
2.6.4. Vegir og bílastæði.....	12
2.6.5. Gönguleiðir og útsýnisstaðir .....	13
2.6.6. Reiðleiðir .....	13
2.6.7. Hjólaleiðir .....	13
2.6.8. Skilti.....	13
2.6.9. Úrgangur .....	14
2.7. Öryggismál .....	14
2.8. Fræðsla og kynning .....	14
2.9. Mönnuð og ómönnuð loftför .....	14
2.10. Rannsóknir og vöktun .....	14
<b>3. MARKMIÐ, STEFNA OG LEIÐIR.....</b>	<b>15</b>
3.1. Ástandsmat.....	15
3.2. Náttúruminjar .....	15
3.2.1. Vatnsrennsli.....	15
3.2.2. Gróður, dýralíf og jarðminjar .....	15
3.3. Menningarminjar .....	16
3.4. Landnotkun.....	16

3.4.1.	Veiðar .....	16
3.4.2.	Viðburðir, kvikmyndataka og ljósmyndun .....	16
3.4.3.	Ferðaþjónusta og útivist.....	16
3.5.	Helstu ógnir.....	16
3.6.	Innviðir og mannvirki .....	16
3.6.1.	Landvarsla .....	17
3.6.2.	Byggingar.....	17
3.6.3.	Aðgengi .....	17
3.6.4.	Vegir og bílastæði.....	17
3.6.5.	Gönguleiðir og útsýnisstaðir .....	17
3.6.6.	Reiðleiðir .....	18
3.6.7.	Hjólaleiðir .....	18
3.6.8.	Skilti.....	18
3.6.9.	Úrgangur .....	18
3.7.	Öryggismál .....	19
3.8.	Fræðsla og kynning .....	19
3.9.	Mönnuð og ómönnuð loftför .....	19
3.10.	Rannsóknir og vöktun .....	20
<b>4.</b>	<b>SÉRSTAKAR REGLUR UM UMFERÐ OG DVÖL .....</b>	<b>21</b>
	<b>HEIMILDIR .....</b>	<b>22</b>
	<b>VIÐAU .....</b>	<b>23</b>
	<b>VIÐAUKI II.....</b>	<b>24</b>



---

*Leiðarljós fyrir áætlun þessa er að varðveita einstök náttúruverðmæti svæðisins og góða upplifun gesta með því að viðhalda góðri stýringu svo allir hafi kost á að njóta verðmæta Goðafoss um ókomna framtíð*

---







# 1. Inngangur

Goðafoss er foss í Skjálfandafljóti í Bárðardal. Hann er einn af vatnsmestu fossum landsins og greinist í tvo meginfossa og nokkra smærri. Ásýnd fossins er fjölbreytileg eftir vatnsmagni, veðurfari og árstíð. Goðafoss er 9-17 m hár og um 30 m breiður. Landið við vesturbakka Goðafoss heitir Hrótey, sem afmarkast af Hróteyjarkvísl og greinist frá Skjálfandafljóti ofan við Goðafoss og sameinast fljótinu aftur allöngu neðar. Þjóðsaga segir að Þorgeir Þorkelsson ljósvetningagoði hafi varpað goðalíkneskjum sínum í fossinn í kjölfar þess að honum var falið það hlutverk að ná lögsáttum milli heiðinna manna og kristinna og hann tekið upp nýjan sið. Af þessum atburði á Goðafoss að hafa dregið nafn sitt. Goðafoss er vinsæll ferðamannastaður og þangað kemur fjöldi ferðamanna allan ársins hring.

Goðafoss er friðlýstur sem náttúruvætti og er svæðið 0,224 km<sup>2</sup> að stærð.

Meginmarkmið með friðlýsingu svæðisins er að vernda sérstæðar náttúruminjar, breytileika jarðmyndana og fossinn sjálfan, m.a. með því að viðhalda náttúrulegu vatnsrennsli í fossinn, vegna fegurðar og sérkenna og útivistargildis svæðisins.

Undirbúningur að gerð stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Goðafoss hófst í apríl 2021. Áætlunin er unnin af samstarfshópi sem skipaður var vegna gerðar hennar. Meginmarkmið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar er að leggja fram stefnu um verndun svæðisins og hvernig viðhalda eigi verndargildi þess í sátt við landeigendur, heimamenn og aðra hagsmunaaðila og er hún hugsuð sem stjórnþæki til að móta framtíðarsýn svæðisins og leggja fram stefnu og markmið fyrir svæðið. Áætlunin er sett fram í samræmi við 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Samstarfshópin skipuðu:

- Arna Hjörleifsdóttir, Umhverfisstofnun
- Dagbjört Jónsdóttir, Þingeyjarsveit
- Hávar Sigtryggsson, fulltrúi landeigandi
- Kristín Anna Ólafsdóttir, fulltrúi landeigenda
- Þórdís Björt Sigþórsdóttir, Umhverfisstofnun
- Vilhjálmur Grímsson, fulltrúi landeigenda

## 1.1. Samráð

Í samræmi við 3. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd var haft samráð við fagstofnanir og aðila sem hagsmuna hafa að gæta á svæðinu. Við upphaf vinnunnar var sent bréf til fagstofnana og hagsmunaaðila þar sem tilkynnt var að vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir náttúruvættið væri að hefjast. Gerð var hagsmunaaðilagreining til að greina þá aðila sem hafa ríka hagsmuni innan náttúruvættisins. Út frá niðurstöðu þeirrar greiningar var þeim aðilum boðið á fundi þar sem sértækir hagsmunir, áherslur og upplýsingar sem aðilar höfðu fram að færa voru til umfjöllunar. Drög að stjórnunar- og verndaráætlun var auglýst í sex vikur í september 2021 og öllum athugasemdum og ábendingum verður svarað í greinagerð eftir auglýsingatíma á heimasíðu [Umhverfisstofnunar](#). Fundargerðir og hagsmunaaðilagreiningu má nálgast á heimasíðu [Umhverfisstofnunar](#). Lista yfir samráðsaðila er að finna í [viðauka VIII](#).

## 1.2. Eignarhald og umsjón

Goðafoss og svæðið umhverfis hann er í landi jarðanna Rauðár, Ljósavatns og Hriflu. Umhverfisstofnun hefur umsjón og eftirlit með friðlýsta svæðinu í samræmi við 2. mgr. 13. gr. og 79. gr. laga nr. 60/2013.

## 1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi

Goðafoss var friðlýstur sem náttúruvætti árið 2020 í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Auglýsingu um friðlýsingu svæðisins og þá skilmála sem gilda má finna [hér](#).

Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 er kveðið á um að fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörði, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri.

Goðafoss svæðið er [deiliskipulagt](#) síðan 2015 og er hluti af [Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022](#).

Við ákvörðun um friðlýsingu var höfð hliðsjón af samningnum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979), sbr. Stjórnartíðindi C nr. 17/1993 og samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Rio de Janeiro 1992), sbr. Stjórnartíðindi C nr. 11/1995.



## 1.4. Verndargildi og verndarflokkur

Samkvæmt 48. gr. laga um náttúruvernd segir um náttúruvætti: Friðlýsa má einstakar náttúrumyndanir sem ástæða þykir til að varðveita sökum fræðilegs gildis, fegurðar eða sérkenna. Náttúruvætti geta t.d. verið fossar, eldstöðvar, hellar og drangar, svo og fundarstaðir bergtegunda og bergerða. Friðlýsingin skal jafnframt ná til svæðis kringum náttúrumyndanirnar svo sem nauðsynlegt er til þess að þær fái notið sín. Friðlýsing Goðafoss fellur vel að verndarmarkmiðum fyrir jarðminjar, 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, en þar kemur fram að til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags, skal stefnt að því að vernda jarðmyndanir sem eru sérstakar eða einstakar á lands- eða heimsvísu og varðveita landslag sem er sérstætt eða fágætt.

Samkvæmt skilgreiningu Alþjóða náttúruverndarsamtakanna IUCN fellur náttúruvættið í flokk III. Svæði í þessum flokki eru afmörkuð til að vernda sérstakar náttúruminjar sem geta verið t.d. landslagsfyrirbæri, jarðminjar, svo sem hellar, eða jafnvel lifandi fyrirbæri eins og gamall skógarlundur. Þetta eru jafnan lítil verndarsvæði en hafa oft mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn.

## 2. Lýsing á svæðinu

### 2.1. Mörk svæðisins

Friðlýsing Goðafoss nær til Goðafoss og næsta nágrennis. Mörkin afmarkast af þjóðvegi 1 í norðri, hluta af Hrótey í vestri, Bárðardalsvegi eystri í austri og í suðri eru mörkin um 130 metra sunnan við fossinn, sjá nánar á korti í [viðauka I](#).

Stærð hins friðlýsta svæðis er 0,224 km<sup>2</sup>.

#### 2.1.1. Tengsl við áhrifasvæði

Goðafoss er staðsettur við þjóðveg 1 í mynni Bárðardals um 34 km austur af Akureyri. Fossinn er meðal vinsælustu áfangastaða ferðamanna á Norðausturlandi. Austan við fossinn er gisti- og veitingaþjónusta auk verslunar og minjagripasölu.

#### 2.1.2. Aðkomuleiðir

Svæðið liggur við þjóðveg 1 og Bárðardalsveg eystri 844. Bílastæði og aðkoma er að fossinum að vestan frá þjóðvegi 1 og að austan af Bárðardalsvegi 844. Reiðleið liggur í gegnum friðlýsta svæðið auk þess sem gönguleiðir sitt hvoru megin Skjálfandafljóts tengjast með göngubru sem liggur skammt sunnan við brúna sem ekið er yfir.

## 2.2. Náttúruminjar

Goðafoss er meðal stærstu fossa á Íslandi og einn af vatnsmestu fossum landsins. Goðafoss er í Skjálfandafljóti sem rennur um Bárðadalshraun. Fljótið er jökulfljót og á uppruna sinn í norðvestur hluta Vatnajökuls, það er um 180 km á lengd og því fjórða lengsta vatnsfall á Íslandi. Skjálfandafljót hefur grafið sig upp eftir hrauninu í aldanna rás og sorfið um þriggja km löng gljúfur sem eru um 100 m breið rétt neðan við Goðafoss. Goðafoss greinist í tvo meginfossa sem eru 9-17 metra háir og steypast fram af hraunhellunni skáhallt á móti hvor öðrum. Auk þessara tveggja meginfossa eru nokkrir smærri fossar en ásýnd fossins er breytileg eftir vatnsmagni, veðurfari og árstíðum. Sérkennilegir skessukatlar eru í gljúfrinu og myndast mikið sog í þeim.<sup>1</sup> Eitt af markmiðum friðlýsingarinnar er að viðhalda náttúrulegu vatnsrennsli í fossinn vegna fegurður hans og sérkenna.

### 2.2.1. Jarðminjar

Bárðardalshraun er talið yfir 9000 ára gamalt og að það hafi komið úr Gígöldum austan Trölladyngju. Hraunið er talið vera um 444 km<sup>2</sup> að stærð og að meðaltali um 20 m þykkt.<sup>2</sup>

<sup>1</sup> Þingeyjarsveit – Goðafoss og umhverfi, deiliskipulag. 2015

<sup>2</sup> Þingeyjarsveit – Goðafoss og umhverfi, deiliskipulag. 2015.

### 2.2.2. Gróður og vistgerðir

Jarðvegur á svæðinu er grunnur og er gróður aðallega bundinn við lyng, mosa og víði.

### 2.2.3. Dýralíf

Vatnið í Skjálfandafljóti er ekki eingöngu jökulvatn heldur rennur mikið af lindarvatni í það undan Ódáðahrauni, vegna þessa gengur fiskur upp í fljótið og er talsvert um silungs- og laxveiði í því.

Nokkuð er um mófugla á svæðinu á sumrin, s.s. lóu og spóa. Þá hafa hrafnar iðulega verpt í gljúfrinu.<sup>3</sup>

## 2.3. Menningarminjar

Innan verndarsvæðisins eru skráðir minjastaðir sem vitna um mannlíf og búskap fyrir á tímum. Þar eru meðal annars vörður og hellar sem notaðir voru sem fjárskýli auk ummerkja um vinnubúðir þeirra sem komu að smíði brúar yfir Skjálfandafljót sem tekin var í notkun 1883. Þegar deiliskipulag var gert þá var unnin deiliskráning fornminja innan skipulagssvæðisins. Samkvæmt skráningunni eru fjórtán minjastaðir á svæðinu.

## 2.4. Landnotkun

Goðafoss hefur um langt skeið haft mikla þýðingu fyrir bæði heimamenn og langt að komna. Eftir að Skjálfandafljót var fyrst brúað árið 1882 urðu fleiri til að heimsækja fossinn og síðan þá hefur umferð aukist.<sup>4</sup> Goðafoss er í dag fjölsóttur ferðamannastaður og því er helsta landnotkunin bundin við ferðapjónustu og útivist. Engin skipulögð beit né landbúnaður er innan náttúruvættisins.

### 2.4.1. Veiðar

Öll meðferð skotvopna sem og skotveiðar eru bannaðar innan náttúruvættisins, að undanskildum veiðum á mink og ref í samræmi við ákvæði laga nr. 64/1994. Stangveiði er heimil innan náttúruvættisins í samræmi við lög um [lax- og silungsveiði nr. 61/2006](#).

### 2.4.2. Kvikmyndataka og ljósmyndun

Afla þarf leyfis Umhverfisstofnunar fyrir kvikmyndatökur á svæðinu ef hún hefur í för með sér að það þurfi að fara út fyrir stíga eða að henni fylgi rask, þá bendir Umhverfisstofnun á að flug fjarstýrðra loftfara er óheimilt innan náttúruvættisins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar að undanskilið vegna leitar- og björgunaraðgerða, vegna eftirlits Minjastofnunar Íslands með menningarminjum og vegna starfa landeigenda [sbr. Kafli 2.9](#).

---

<sup>3</sup> Þingeyjarsveit – Goðafoss og umhverfi, deiliskipulag. 2015.

<sup>4</sup> Þingeyjarsveit – Goðafoss og umhverfi, deiliskipulag. 2015.

### 2.4.3. Ferðapjónusta og útivist

Goðafoss er vinsæll áfangastaður fólks á ferð um hringveginn og er vel hannað til útivistar og náttúruskoðunar jafnt að sumri sem vetri. Innviðir eru góðir til að taka á móti miklum fjölda gesta og til að mynda vann Þingeyjarsveit umhverfisverðlaun ferðamálastofu árið 2020 fyrir vel heppnaða uppbyggingu við Goðafoss. Þar var unnið í samstarfi við heimamenn að skapa umhverfi sem er bæði aðgengilegt og öruggt fyrir ferðamenn. Verkefnið var unnið á árunum 2013-2019 og var styrkt úr Framkvæmdasjóði Ferðamannastaða og af Þingeyjarsveit.

Eitthvað er um að fólk fari niður fossinn á kajak og gegnum gljúfrin niður með ánni.

Á ársgrundvelli er áætlað að um 500 þúsund manns heimsæki staðinn.<sup>5</sup>

## 2.5. Helstu ógnir

Ágangur af völdum ferðamanna er helsta ógn svæðisins.

## 2.6. Innviðir og mannvirki

Nýlega gerðir göngustígar og útsýnispallar eru beggja vegna Goðafoss. Þá eru bílastæði, bæði austan og vestan Skjálfandafljóts.

### 2.6.1. Landvarsla

Landvarsla er við Goðafoss allt árið, á háannatíma á hverjum degi en utan háannar er farið að Goðafossi nokkrum sinnum í viku. Landverðir eru með starfsstöð í Mývatnssveit og sinna einnig friðlýstum svæðum þar.

### 2.6.2. Byggingar

Engar byggingar eru innan hins friðlýsta svæðis fyrir utan göngubrúna, hún var upphaflega byggð fyrir akandi umferð árið 1930, en var breytt í göngubrú þegar núverandi brú fyrir akandi umferð var byggð árið 1972.

### 2.6.3. Aðgengi

Aðgengi að svæðinu er gott, hvort sem gestir koma akandi, gangandi, ríðandi eða hjólandi. Við Goðafoss eru góðir, uppbyggðir og malbikaðir göngustígar sem tryggja aðgengi fyrir alla. Vetrarpjónusta er á hluta svæðisins.

### 2.6.4. Vegir og bílastæði

Þjóðvegur nr. 1 (Hringvegur) liggur norðan við Goðafossvæðið frá vestri til austurs. Goðafossvegur (883) liggur að áningarstað og bílastæði við Goðafoss að vestan frá Þjóðvegi nr. 1 og eru vegirnir í eigu Vegagerðarinnar. Bílastæði þar eru tvískipt, annarsvegar um 100

---

<sup>5</sup> Þingeyjarsveit – Goðafoss og umhverfi, deiliskipulag. 2015.



almenn bílastæði nær aðkomuvegi og hinsvegar um 23 rústæði fjær aðkomuvegi. Þá eru einnig bílastæði fyrir húsbíla, bíla með aftanívagna og fyrir hreyfihamlaða.

Bárðardalsvegur eystri (844) liggur að áningarstað og bílastæði við Goðafoss að austan. Bílastæði er tvískipt, annarsvegar fyrir um ? almenn bílastæði og hinsvegar um ? rústæði.

### 2.6.5. Gönguleiðir og útsýnisstaðir

Gönguleiðir liggja að fossinum bæði austan og vestan Skjálfandafljóts og tengir göngubrú þessi svæði saman.

Vestari gönguleiðin liggur frá bílastæðum að útsýnis- og áningarstað og er með föstu yfirborði. Útsýnispallar eru tveir og steypar tröppur sem tengja þá saman. Neðri útsýnispallurinn er með setubekk og handriði til suðurs og vesturs til að auka þar öryggi. Efri útsýnispallurinn er einnig með handriði. Þá liggur gönguleið meðfram fljótinu og tengist á tveimur stöðum inn á aðalgönguleið frá bílastæðum að göngubrú yfir fljótið. Léttar girðingar liggja fljótsmegin við gönguleið meðfram fljótinu á skilgreindum stöðum til þess að stýra umferð, verja svæðið fyrir átroðningi og ágangi og draga slyshættu.

Austari gönguleiðin liggur annarsvegar frá verslunar- og veitingahúsi (Fosshóli) og hins vegar frá bílastæði að útsýnis- og áningarstað með föstu yfirborði.

Útsýnispallar eru því beggja vegna fljóts og er útsýnið að fossinum óhindrað og hægt er að skoða hann allt árið. Þá er gott aðgengi á svæðinu fyrir hreyfihamlaða . Þá er gönguleið frá Fosshóli að „stíg“ sem liggur að gamalli göngubrú sem hefur verið endurnýjuð samkvæmt upprunalegri mynd.

Gestir svæðisins skulu fylgja gönguleiðum á svæðinu í hvívetna en þeim sem stunda stangveiði á svæðinu er heimilt að ganga utan gönguleiða við veiðar.

### 2.6.6. Reiðleiðir

Í dag liggur ekki eiginleg reiðleið um svæðið en hestamenn hafa komist þar í gegn á þeim stígum sem hafa verið byggðir upp. Samkvæmt deiliskipulagi er gert ráð fyrir að reiðleiðin verði áfram eftir gamla þjóðveginum norðan við þjóðveg nr. 1 eftir að legu hans hefur verið breytt.

### 2.6.7. Hjólaleiðir

Engar eiginlega hjólaleiðir eru um Goðafoss svæðið en aðgengi að svæðinu er gott fyrir hjólreiðafólk. Óheimilt er að hjóla á gönguleiðum um svæðið.

### 2.6.8. Skilti

Eitt fræðsluskilti er við göngubrúna og annað við gamla bílastæðið þar sem segir frá sögu Goðafoss.

### 2.6.9. Úrgangur

Engin sorpílát eru inn á svæðinu í dag.

## 2.7. Öryggismál

Við Goðafoss er fallhætta ef farið er of nálægt brúnum gljúfursins. Með nýjum afgirtum göngustígum er öryggi gesta stórbætt. Þá getur verið varasamt að fara ákveðnar gönguleiðir á veturna.

Öryggis- og viðbragðsáætlun fyrir starfsmenn Umhverfisstofnunar hefur verið staðfærð fyrir svæðið og er endurskoðuð árlega.

## 2.8. Fræðsla og kynning

Fræðsla um Goðafoss er aðgengileg á vefsíðu Umhverfisstofnunar, [www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is) og eru fræðsluskilti á svæðinu (sjá [kafla 2.6.8.](#) um skilti) þá veita landverðir upplýsingar inn á svæðinu og hafa reglulegar fræðslugöngur verið yfir sumartímann.

## 2.9. Mönnuð og ómönnuð loftför

Óheimilt er að lenda þylum og öðrum mönnuðum loftförum innan svæðisins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Flug fjarstýrðra loftfara er óheimilt innan náttúruvættisins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar að undanskilið vegna leitar- og björgunaraðgerða, vegna eftirlits Minjastofnunar Íslands með menningarminjum og starfa landeigenda.

## 2.10. Rannsóknir og vöktun

Sérfræðingur Umhverfisstofnunar og landverðir sjá um vöktun á ástandi innviða og náttúrufars. Náttúruverndarnefndir sveitafélaga senda árlega inn athugasemdir um stöðu friðlýstra svæða og er einnig stuðst við þær athuganir.

## 3. Markmið, stefna og leiðir

Markmið friðlýsingar Goðafoss sem náttúruvættis er að vernda sérstæðar náttúruminjar, breytileika jarðmyndana og fossinn sjálfan, m.a. með því að viðhalda náttúrulegu vatnsrennsli í fossinn, vegna fegurðar og sérkenna og útivistargildis svæðisins. Í þessum kafla verður leitast við að skilgreina markmið, útskýra framtíðarstefnu svæðisins og kortleggja aðgerðir sem framkvæma þarf á næstu árum. Umhverfisstofnun hefur útbúið aðgerðaáætlun sem fylgir stjórnunar- og verndaráætluninni og þar má finna þær aðgerðir sem farið verður í til að vinna að markmiðum áætlunarinnar. Aðgerðaáætlunin er uppfærð árlega í samræmi við úthlutun úr Landsáætlun um uppbyggingu innviða. Umhverfisstofnun er ábyrgðaraðili aðgerðanna.

### 3.1. Ástandsmat

Umhverfisstofnun vinnur árlega ástandsmat fyrir Goðafoss.

Aðgerðir:

- ✓ Ástandsmat verði unnið árlega af Umhverfisstofnun.

### 3.2. Náttúruminjar

Stefnt skal að því að náttúruminjar svæðisins, gróður og jarðminjar fái að þróast á eigin forsendum. Leita skal leiða til að veita fólki tækifæri til náttúruskoðunar á svæðinu án þess að skerða náttúruminjar með góðri stýringu gesta.

#### 3.2.1. Vatnsrennsli

Í auglýsingu um hið friðlýsta svæði kemur fram að eitt af meginmarkmiðum með friðlýsingunni er að vernda fossinn með því að viðhalda náttúrulegu vatnsrennsli í hann. Áform um framkvæmdir s.s.virkjanir ofan við fossinn skulu því ekki skerða hið náttúrulega vatnsrennsli til hans.

#### 3.2.2. Gróður, dýralíf og jarðminjar

Vernda skal gróður, dýralíf og jarðminjar innan hins friðlýsta svæðis og grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir jarðvegsrof og gróðurskemmdir af völdum ágangs með stýringu umferðar. Í stýringu felst meðal annars í uppsetningu fræðsluskilta [kafla 3.6.8.](#) um skilti. Óheimilt er að dreifa framandi tegundum á svæðinu. Þá skal unnið að upprætingu framandi ágengra tegunda innan hins friðlýsta svæðis.

Aðgerðir:

- ✓ Lokun á villustígum.
- ✓ Árlega verði unnið að upprætingu á framandi ágengum tegundum.

### 3.3. Menningarminjar

Um vernd menningarminja fer eftir lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

### 3.4. Landnotkun

Stuðla skal að því að öll landnýting verði með sjálfbærum hætti og að nýting náttúruauðlinda skerði ekki verðmæti svæðisins. [Deiliskipulag](#) fyrir svæðið tók gildi 2015. Allar framkvæmdir skulu vera í samræmi við skipulag svæðisins og eru háðar samþykki Umhverfisstofnunar sbr. auglýsingu um friðlýsingu svæðisins. Að svo stöddu er ekki skipulögð landnotkun.

Aðgerð:

- ✓ Skoðað verði í samstarfi við landeigendur áhrif beitar á hið friðlýsta svæði.

#### 3.4.1. Veiðar

Stangveiði er heimil innan náttúruvættisins í samræmi við lög um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 og er þeim sem stunda stangveiði á svæðinu heimilt að ganga utan gönguleiða við veiðar.

Stefnt skal að útrýmingu minks og skulu þær veiðar stundaðar í samræmi við ákvæði laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum á vegum viðkomandi sveitarfélags og í samráði við Umhverfisstofnun.

#### 3.4.2. Viðburðir, kvikmyndataka og ljósmyndun

Ef þörf er á að nota fjarstýrð loftför við kvikmynda- eða ljósmyndatöku skal leita leyfis Umhverfisstofnunar. Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar og landeigenda vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, listviðburða og samkomuhalds sbr. [reglu nr. 1. í kafla 4.](#)

#### 3.4.3. Ferðaþjónusta og útivist

Gæta þarf að því að ferðaþjónusta sé sjálfbær og valdi ekki röskun eða óþarfi álagi á náttúruminjar svæðisins. Stuðla skal að ábyrgri markaðssetningu fyrir svæðið og hvetja til ábyrgrar ferðahegðunar með tilliti til öryggis gesta og verndunar svæðisins. Ekki er gert ráð fyrir því að hægt sé að hafa næturgistingu innan svæðisins og er hún óheimil.

### 3.5. Helstu ógnir

Helsta ógn við svæðið er álag ferðamanna en sú uppbygging sem átt hefur sér stað undanfarin ár á innviðum svæðisins og skipulögð umsjón dregur verulega úr þeirri ógn.

### 3.6. Innviðir og mannvirki

Ekki er stefnt á frekari mannvirkjagerð innan hins friðlýsta svæðis og skulu allar framkvæmdir vera í samræmi við gildandi deiliskipulag og stjórnunar- og verndaráætlun. Framkvæmdir eru háðar leyfi sveitarfélags, landeigenda og Umhverfisstofnunar.



### 3.6.1. Landvarsla

Stefnt skal að reglulegri landvörslu eftir önnum á svæðinu allan ársins hring og að landverðir sinni eftirliti, fræðslu og upplýsingagjöf og samskiptum við þá ferðaþjónustuaðila og aðra gesti sem nýta sér svæðið. Stefnt skal að fjölbreyttum fræðslugöngum yfir sumartímann.

Aðgerðir:

- ✓ Fræðsluáætlun unnin.

### 3.6.2. Byggingar

Ekki er stefnt á að setja upp byggingar innan svæðisins. Stefnt er að því að skilgreina hver er ábyrgðaraðili yfir gömlu brúnni sem nú er nýtt sem göngubrú.

Aðgerði:

- ✓ Umhverfisstofnun skilgreini ábyrgðaraðila að brúnni í samráði við sveitarfélag og Vegagerðin.

### 3.6.3. Aðgengi

Aðgengi á svæðinu skal vera til fyrirmyndar en ávallt skal horft til verndarsjónamiða. Almennungi er heimil för um svæðið en skylt er að ganga vel um svæðið og fylgja þeim umgengnisreglum sem gilda innan þess. Ávallt skal fylgja göngustígum á svæðinu, undanskilið eru þeir sem stunda stangveiðar. Gæludýr skulu vera í taumi og undir tryggri stjórn innan svæðisins, nema þjónustuhundar þegar þeir eru að störfum í gæslu eiganda eða umráðamanns.

### 3.6.4. Vegir og bílastæði

Ekki er stefnt á fleiri bílastæði eða breytingar á vegum innan hins friðlýsta svæðis en viðhald og þjónusta við vegi á svæðinu er heimil án þess að leita þurfi leyfis Umhverfisstofnunar svo fremi sem framvæmdir hafi ekki áhrif á verndargildi svæðisins.

### 3.6.5. Gönguleiðir og útsýnisstaðir

Gönguleiðir skulu vera í samræmi við friðlýsingaskilmálaog deiliskipulag. Göngustígar skulu vera vel merktir, í góðu ásigkomulagi og öruggir svo gestir svæðisins fylgi þeim og gangi ekki utan þeirra. Gestir svæðisins skulu fylgja gönguleiðum á svæðinu í hvívetna, undanskilið eru þeir sem stunda stangveiðar á svæðinu en þeim er heimilt að ganga utan gönguleiða við veiðar.

Aðgerðir:

- ✓ Árlega verði gönguleiðir ástandsskoðaðar.
- ✓ Kort af svæðinu verði uppfært

### 3.6.6. Reiðleiðir

Reiðleið er á gamla þjóðveginum sem liggur norðan núverandi þjóðveg nr. 1. Þar sem gamla brúin yfir Skjálfandafljót er notuð til að komast yfir ána þverar reiðleiðin þjóðveginn beggja megin brúarinnar. Skv. deiliskipulagi er gert ráð fyrir að reiðleiðin verði áfram eftir gamla þjóðveginum norðan við þjóðveg nr. 1 eftir að legu hans hefur verið breytt, þar sem því er við komið. Næst brúnni þar sem ný lega vegar liggur yfir gamla þjóðveginn mun verða gerður nýr reiðvegur að fyrirhugaðri brú. Gert er ráð fyrir að reiðleiðin muni liggja undir brúna við brúarstöplana og að gömlu brúnni sem verður áfram nýtt sem reiðleið yfir ána. Reiðleiðin mun vera a.m.k. 10 m frá vegkanti þjóðveg nr. 1. Þá er stefnt að því að gert sé gerði að vestan áður en farið er yfir brúna og hinsvegar nýja reiðleið, en reiðleiðin sem er farin núna er eftir aðalgöngustígnum meðfram fljótinu að vestan telst hvorki heppileg né örugg. Stefnt er að því að gera reiðleið í samstarfi við landeigendur og hestamannafélag meðfram þjóðveginum og svo þaðan meðfram bílastæðinu að vestan niður að gömlu slóðunum að vaðinu yfir Hróteyjarkvísl.

Aðgerðir:

- ✓ Sett verði upp gerði að vestan áður en farið er yfir brúna.
- ✓ Ný reiðleið meðfram þjóðveginum og vestan niður að gömlu slóðunum að vaðinu yfir Hróteyjarkvísl.

### 3.6.7. Hjólaleiðir

Gert er ráð fyrir aðstæði fyrir reiðhjól verða staðsett við suðurendann á göngu- og hjólastígnum.

Aðgerð:

- ✓ Koma upp stæði fyrir reiðhjól.

### 3.6.8. Skilti

Stefnt skal að því að gestum verði ljóst að þeir eru á friðlýstu svæði og að þar gildi ákveðnar umgengnisreglur. Innan verndarsvæðisins skulu vera fræðsluskilti sem upplýsi um náttúrufar og eins upplýsingaskilti með upplýsingum um umgengnisreglur og vegvísar. Skilti og merkingar verði í samræmi við *Handbók um merkingar á friðlýstum svæðum*. Stefnt skal að því að skilti séu á helstu upphafsleiðum gönguleiða.

Aðgerðir:

- ✓ Áætlun um þörf á fræðslu og upplýsingaskilti unnin.

### 3.6.9. Úrgangur

Halda skal svæðinu hreinu og fjarlægja úrgang sem fellur til vegna heimsókna gesta. Suðla skal að góðri umgengni gesta með vitundarvakningu um ábyrga freðamennsku með upplýsingagjöf á skiltum og á vegum landvarða. Stefnt skal að því að gestir svæðisins taki allt rusl með sér af svæðinu.

Aðgerðir:

- ✓ Fólk sé upplýst á skiltum um að taka eigi með sér allt rusl af svæðinu, [kafla 3.6.8.](#) um skilti.

### 3.7. Öryggismál

Öryggi gesta og starfsmanna skal tryggt sem best við Goðafoss. Umhverfisstofnun skal stuðla að slysaforvörnum meðal gesta með merkingum og öðrum upplýsingum. Gestir svæðisins skulu upplýstir um hættur á svæðinu, með tilsögn frá landverði og skiltum þar að lútandi. Upplýsingum varðandi óhöpp og slys skal safnað saman og þær greindar og metið hvort og hvernig hægt verði að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig. Starfsmenn Umhverfisstofnunar skulu vera vel að sér í skyndihjálpar og vera ávallt með fyrstuhjálpar búnað til taks. Öryggisáætlun fyrir svæðið verður gerð aðgengilega á heimasíðu Umhverfisstofnunar og unnið er að áhættumati fyrir friðlandið þannig að unnt verði að staðfæra öryggisáætlunina að svæðinu. Í öryggisáætlun eru upplýsingar um hvernig bregðast á við slysum og almannavarnaráætlanir vegna náttúruvá.

Aðgerðir:

- ✓ Öryggisáætlun friðlýstra svæða stofnunarinnar verði staðfærð fyrir Goðafoss.
- ✓ Uppfæra skal öryggisáætlunina annað hvert ár.
- ✓ Landvörður skal vakta stíga og mannvirki reglulega m.t.t. öryggismála og skrá það í dagbók landvarða og gera viðeigandi ráðstafanir hverju sinni.
- ✓ Gerð verði skilti með upplýsingum um hættur á svæðinu, sjá [kafla 3.6.8.](#) um skilti.
- ✓ Athugað verði sérstaklega öryggi og merkingar með tillit til vetrarumferðar.

### 3.8. Fræðsla og kynning

Upplýsinga- og fræðsluefni um náttúru- og menningarminjar verndarsvæðisins skulu vera aðgengilegar almenningi ásamt þeim umgengnisreglum sem gilda á svæðinu. Upplýsingar skulu settar fram á auðskilinn hátt.

Í fræðsluefni um svæðið skulu meðal annars koma fram upplýsingar um verndargildi og sérstöðu svæðisins og þær umgengnisreglur sem þar gilda. Stefnt skal að því að upplýsingar um svæðið séu ávallt aðgengilegar, t.d. á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Aðgerðir:

- ✓ Heimasíða um svæðið verði uppfærð á vef Umhverfisstofnunar
- ✓ Umhverfisstofnun vinni fræðsluáætlun, hvar skilti eiga að vera o.s.frv í samræmi við áætlun um skiltagerð, [kafla 3.6.8.](#) um skilti.
- ✓ Stefnt skal að fastri viðveru landvarða ásamt fræðslugöngum yfir sumartímann, sjá [kafla 3.6.1.](#)

### 3.9. Mönnuð og ómönnuð loftför

Óheimilt er að lenda þylum og öðrum mönnuðum loftförum innan svæðisins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Flug fjarstýrðra loftfara er óheimilt yfir svæðinu nema með

leyfi Umhverfisstofnunar, þó er heimilt að nota fjarstýrð loftför, ef nauðsyn krefur, vegna leitar- og björgunaraðgerða, vegna eftirlits Minjastofnunar Íslands með menningarminjum og vegna starfa landeigenda.

### 3.10. Rannsóknir og vöktun

Samkvæmt 74. gr laga um náttúruvernd ber Náttúrufræðistofnun Íslands ábyrgð á vöktun lykilþátta íslenskrar náttúru að því marki sem hún er ekki falin öðrum stofnunum. Stofnunin á að vinna heildstæða áætlun um vöktun og skipuleggja framkvæmd hennar. Jafnframt á Náttúrufræðistofnun að vinna vöktunaráætlun fyrir friðlýst svæði í samráði við Umhverfisstofnun sem skal vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar viðkomandi svæðis. Árið 2019 hófst samvinna Náttúrufræðistofnunar, Umhverfisstofnunar, þjóðgarða og náttúrustofa um gerð vöktunaráætlana fyrir náttúruverndarsvæði, þ.m.t. friðlýst svæði, og er hún unninn samhliða vinnu Náttúrufræðistofnunar við gerð heildstæðrar vöktunaráætlunar fyrir lykilþætti íslenskrar náttúru. Vöktunaráætlun fyrir náttúruverndarsvæði mun fela í sér forgangsröðun svæða og áherslur í vöktun á hverju svæði fyrir sig. Ekki er búið að vinna vöktunaráætlun fyrir Goðafoss en þegar því er lokið mun hún verða viðauki við þessa stjórnunar- og verndaráætlun.



## 4. Sérstakar reglur um umferð og dvöl

Sérstakar reglur um umferð manna og dvöl við Goðafoss sem settar eru í samræmi við ákvæði 2. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 eru eftirfarandi:

1. Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar og landeigenda vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, listviðburða og samkomuhalds Stofnuninni er heimilt að setja skilyrði þegar slík leyfi eru veitt sbr. [Kafli 3.4.2.](#)

# Heimildir

Deiliskipulag Þingeyjarsveit, Goðafoss og umhverfi. 2015. Sótt af:


<http://skipulagsaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=27635736024837212311>

DRÖG

# Viðauki I



0 100 200 300 400 500 Metrar

 <a href="http://www.ust.is">http://www.ust.is</a>	<b>Goðafoss</b>	 Frilýst svæði	<div style="text-align: center;">  </div> <table border="1" style="width: 100%; border-collapse: collapse;"> <tr><td>Flátaátt:</td><td>23 ha</td></tr> <tr><td>Kortavörpun:</td><td>Lambert keiluvörpun</td></tr> <tr><td>Hnitstaða:</td><td>ISN93</td></tr> <tr><td>Kortagerð:</td><td>Guðni Hannesson LMÍ</td></tr> <tr><td>Dagur:</td><td>08.06.2020</td></tr> <tr><td colspan="2" style="text-align: center;">© Landmælingar Íslands</td></tr> </table>	Flátaátt:	23 ha	Kortavörpun:	Lambert keiluvörpun	Hnitstaða:	ISN93	Kortagerð:	Guðni Hannesson LMÍ	Dagur:	08.06.2020	© Landmælingar Íslands	
Flátaátt:	23 ha														
Kortavörpun:	Lambert keiluvörpun														
Hnitstaða:	ISN93														
Kortagerð:	Guðni Hannesson LMÍ														
Dagur:	08.06.2020														
© Landmælingar Íslands															

# Viðauki II

## Samráðsaðilar

Við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar var haft samráð við landeigendur, sérfræðinga og stofnanir eftir því sem tilefni var til. Hér má finna lista yfir þá samráðsaðila sem haft var samband við.

- ✓ Ferðafélag Íslands
- ✓ Ferðamálastofa
- ✓ Félag leiðsögumanna
- ✓ Flugmálafélag Íslands
- ✓ Fuglavernd
- ✓ Landssamband hestamannafélaga
- ✓ Landssamtök hjólreiðamanna
- ✓ Landsvirkjun
- ✓ Landvarðafélag Íslands
- ✓ Landvernd
- ✓ Minjastofnun Íslands
- ✓ Náttúrufræðistofnun Íslands
- ✓ Náttúrustofa Norðausturlands
- ✓ Náttúruverndarsamtök Íslands
- ✓ Samgöngustofa
- ✓ Samtök ferðaþjónustunnar
- ✓ Samtök útivistarfélaga (SAMÚT)
- ✓ Skipulagsstofnun
- ✓ Slysavarnarfélagið Landsbjörg
- ✓ Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
- ✓ Útivist
- ✓ Vegagerðin
- ✓ Félag hópferðaleyfishafa
- ✓ Landssamband veiðifélaga
- ✓ Fosshóll ehf.
- ✓ Sérleyfisbílar Akureyrar
- ✓ Veiðifélag Skjálfandafljóts, B-deild
- ✓ SUNN Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi
- ✓ Orkustofnun
- ✓ Goðafoss
- ✓ Náttúruverndarnefnd Þingeyinga